

Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli
Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2024

Efni: Framlagning Landsbankans hf. á skuldbindandi tilboði í TM tryggingar hf.

Vísað er til bréfs ráðherra til stofnunarinnar dags. 18. mars sl. varðandi tilboð Landsbankans hf. („Landsbankinn“) á öllu hlutafé Kviku banka hf. í TM tryggingum hf. („TM“), svarbréfs Bankasýslu ríkisins til ráðherra dagsett sama dag og greinargerðar bankaráðs dags. 22. mars sl. Stofnunin hefur nú yfirfarið greinargerðina og útbúið meðfylgjandi skýrslu.

Niðurstöður hennar eru í stuttu máli eftirfarandi:


- Upplýsingagjöf bankans til stofnunarinnar vegna tilboðs í TM í mars 2024 var ekki í samræmi við ákvæði samnings um almenn og sértæk markmið í rekstri bankans og eigandastefnu ríkisins.
- Framlagning Landsbankans á tilboðinu var ekki í samræmi við ákvæði eigandastefnunnar um áherslur á arðgreiðslur fjármálafyrirtækja, endurgreiðslur skulda ríkisins og lágmörkun á áhættu, m.a. þar sem ekki stendur til að selja hlut í bankanum í náinni framtíð.
- Bankasýsla ríkisins telur rökstuðning Landsbankans fyrir viðskiptunum rýran og þá sérstaklega varðandi möguleg samlegðaráhrif.

Þá er einnig vísað til bréfs ráðherra til stofnunarinnar þann 5. apríl sl. Á fundi sínum þann 10. apríl sl. ákvað stjórn Bankasýslu ríkisins, að fengnum tilnefningum valnefndar, að tilnefna nýja einstaklinga í bankaráð Landsbankans fyrir aðalfund hans þann 19. apríl nk.


Að aðalfundi loknum mun stofnunin óska eftir fundi með nýju bankaráði. Á þeim fundi hyggst stofnunin leggja áherslu á að bankaráðið meti viðskiptin með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga og meta þá valkosti sem bankinn hefur í stöðunni með hliðsjón af ákvæðum laga og eigandastefnu ríkisins. Jafnframt mun Bankasýsla ríkisins ítreka mikilvægi þess að bankaráðið fari eftir ákvæðum eigandastefnu ríkisins og samningi bankans við stofnunina. Bankasýsla ríkisins telur að bankaráð Landsbankans gæti t.d. litið til sölu á TM til þriðja aðila, frumútboðs á hlutum í félaginu, útgreiðslu hluta til eigenda eða endurskipulagningar starfspátta innan samsteypu bankans og TM.

Bankasýsla ríkisins lýsir sig reiðubúna til að funda með ráðherra til að ræða nánar skýrslu stofnunarinnar og annað sem málið varðar.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Pálsson, formaður



Jón G. Jónsson, forstjóri

Meðfylgjandi: Skýrsla Bankasýslu ríkisins: Framlagning skuldbindandi tilboðs Landsbankans hf. í allt hlutafé í TM tryggingum hf.